

## 2. fundur undirbúningsstjórnar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 7. mars 2022 kl. 16:00 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson RR ráðgjöf, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð fram og staðfest.

#### 2. Aðkoma mannauðsráðgjafa

Jón Hrói hefur haft samráð við Sigríði Indriðadóttur mannauðsráðgjafa. Hún er tilbúin að taka að sér verkefnið og getur komið norður í byrjun apríl til að taka viðtöl við starfsfólk. Ráðgjöfum falið að afla tilboðs frá Sigríði og leggja fyrir næsta fund.

Ákveðið að halda rafrænan kynningarfund með starfsfólki í mars. Ráðgjöfum falið að undirbúa það með mannauðsráðgjafa.

#### 3. Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags og fundarsköp

Jón Hrói sendi drög að samþykktum á stjórn fyrir fundinn. Undirbúningsstjórn fór yfir drögin og ræddi nauðsynlegar breytingar. Umræðu haldið áfram á næsta fundi.

#### 4. Val á nafni nýs sveitarfélags

Róbert kynnti tillögu betraísland.is að vefsíðu þar sem hugmyndasöfnun getur farið fram.

Ákveðið að auglýsa hugmyndasöfnun frá 10. til 31. mars og taka ákvörðun um hvaða heiti fara til umsagnar Örnefnanefndar á fundi undirbúningsstjórnar þann 4. apríl.

## **5. Sameining Húnavallaskóla og Blönduskóla**

Eitt af stóru verkefnum í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna er sameining Húnavallaskóla og Blönduskóla í nýjan skóla. Umræða um hvernig standa skuli að undirbúningi þess verkefnis.

## **6. Byggðasamlög**

Ákveðið að hvetja sveitarstjórnir til að boða til fundar oddvita aðildarsveitarfélaganna til að ræða nauðsynlegar breytingar á byggðasamlögum í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Næsti fundur fer fram mánudaginn 14. mars kl. 16.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.15.